



## FLUGELDASALA BJÖRGUNARSVEITARINNAR KYNDILS

**OPNUNARTÍMAR:**  
**29. DES KL. 16-22**  
**30. DES KL. 16-22**  
**31. DES KL. 10-13**

**Áramótabrenna hefst kl 21:00 á gamlárskvöld  
og flugeldasýning í framhaldinu**

# VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

## Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum




*Sveitarstjórn  
og starfsfólk skrif-  
stofu Mýrdalshrepps*

*óskar íbúum og starfsfólki  
gledilegra jóla og farsældar  
á nýju ári.*



**Skrifstofa Mýrdalshrepps  
verður lokuð á gamlársmorgun  
31. desember.**

SMÁAUGLÝSINGAR



SONETTA

Ó kæra heimskja ég krýp við þína skör  
ég komst í fóstur hjá þér barn að aldri.  
Tryggð þín líkist fornum göfgvum galdri  
og glöð þú jafnan stýrir minni för.

Og veisluföngin velta af hverju borði  
og veigar ljúfar ætla seint að þrjóta.  
Það eitt er víst að það vilja margir njóta  
og varla tæmist sá endalausí forði.

Á beiskum legi bergir margur glaður  
og biður þess að tæmist ei í dreggjjar  
og dvelur sjaldnast innan vísdóms veggjar  
en velur sífellt innihaldslaust þvaður.

Við unum glöð og sæl við holan hljóm  
og heimskja, þér við sendum kort og blóm.

VALDIMAR TÓMASSON

**Málsháttur vikunnar**  
RÆÐAN ER SILFUR,  
EN ÞÖGNIN GULL

**Ný netverslun -**

[www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)

*Mikið úrval að nýjum og ódýrum  
fötum, sendi um land allt.*

VITINN á [www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)

52. TBL. 12. ÁRGANGUR ÞRIÐJUDAGINN 30. DESEMBER 2008

## Frá leikskólanum Suður – Vík



Starfsmaður óskast við leikskólann Suður-Vík frá 5. janúar næstkomandi til 26. júní 2009.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð í síma **487-1241** og **894-6212**.  
Halla Ólafsdóttir, Leikskólastjóri

## Hin árlega Þrettándagleði


Á Ketilsstöðum verður laugardaginn **3. jan. kl. 20:30**

**Brenna**

**Flugeldar**

**Verðlaunaafhending**

**Bingó**



A HAPPY  
NEW YEAR

*Eyðublað fyrir þá sem vilja styrkja flugeldasýninguna, liggur frammi á sölustað Björgunar-sveitarinnar Víkverja*

**UMF KATLA**

## Kæra heimilisfólk og starfsfólk á Hjallatúni

og allir þeir sem stutt hafa mig í veikindum mínum með símtölum og fleiru sendi ég bestu jóla- og nýárskveðjur með ósk um farsæld á nýju ári

**Kær kveðja**

**Hildigunnur, Snæbýli**



Nýr geisladiskur Páls Rúnars Pálssonar frá Litlu-Heiði var kynntur á Þorláksmessukvöld í Klakk, á diskunum m.a. eru lögin: Kveldriður; Friður á jörðu; Sverrir konungur; Nótt; Bíum bíum bamba; Maístjarnan; Mamma ætlar að sofna; Tondeleyó og Kvöldsígling.

Rúnar söng nokkur lög af diskunum af þessu tilefni við undirleik Kára Gestssonar organista.. Diskurinn var hljóðritaður í Digraneskirkju, upptökustjóri var Sigurður Rúnar Jónsson, undirleik annaðist Kristína Szklenár



Við útdrátt úr jólapottinum í Klakk á Þorláksmessu fékk Eyrún Sæmundsdóttir í Sólheimahjálegu fyrsta vinningin, Áslaug dóttir hennar tók við vinningnum úr höndum Kolbrúnar í Klakk.

*Mynd: Jónas Erlendsson*



## Húsaleigubætur 2009

Sækja um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka.

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist sveitarfélagi eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Berist umsókn síðar verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar.

Umsóknareyðublöð og upplýsingabæklingur vegna húsaleigubóta liggja frammi á skrifstofu Mýrdalshrepps og á vef Félagsmálaráðuneytisins

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/husnaedismal/husaleigubætur/>

Sveitarstjóri



## Áramótafagnaður á Halldórskaffi

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest á Halldórskaffi í sannkölluðum áramótafagnaði.

18 ára aldurstakmark. Húsið opnar kl. 00:30, eitthvað fyrir alla konur og karla.



**FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS**  
441. fundar sveitarstjórnar Mýrdals-hrepps, haldinn fimmtudaginn 18. desember 2008 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur fram tillögu að dagskrár-breytingu þannig að fundargerðir fjallskilaneftnda verði teknar á dagskrá undir liðum I-5 og I-6 og fundargerð 74. fundar héraðsnefndar undir lið IV-4

Samþykkt.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

### **I. Fundargerðir til staðfestingar.**

1. Fundargerð 156. fundar fræðslunefndar frá 2. desember 2008.

Á fundinum var m.a ósk leikskólastjóra um viðbótarstarfsmann vegna aukningar í sérkennslu vísað til fjárhagsáætlunar 2009. Fundargerðin samþykkt.

2. Fundargerð 154. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 5. desember 2008. Fundargerðin samþykkt.

3. Fundargerð 14. fundar félagsmálanefndar frá 11. desember 2008.

Á fundi nefndarinnar var tekið fyrir erindi Mýrdalshrepps varðandi snjómokstur frá heimilum aldraðra og öryrkja sbr. erindi Hildar Andrésdóttur frá fundi 440. Nefndin mælir eindregið með að mokað sé frá heimilum aldraðra og öryrkja á svæði byggðasamlagsins.

Sveitarstjóra falið að móta reglur um slíka þjónustu í samráði við önnur aðildarsveitarfélög félagsþjónustunnar.

4. Fundargerð 154. fundar rekstrarnefndar Hjallatúns frá 10. desember 2008.

Fundargerðin samþykkt.

5. Fundargerð fjallskilaneftndar eystri frá 30. nóvember 2008.

Skv. fundargerðinni er kostnaður vegna fjallskila í eystri deild kr. 1.486.520,- Fundargerðin samþykkt.

6. Fundargerð fjallskilaneftndar vestari frá 17. desember 2008.

Skv. fundargerðinni er kostnaður vegna fjallskila í vestari deild kr. 1.242.055,- Fundargerðin samþykkt.

### **II. Innsend erindi til afgreiðslu.**

1. Bréf Stígamóta dags. 28. nóvember 2008. Erindinu hafnað.

2. Bréf Landgræðslunnar dags. 2. desember 2008.

Með bréfinu er óskað eftir fjárframlagi kr. 67.500,- á árinu 2009 vegna verkefnisins Bændur græða landið. Erindið samþykkt.

3. Bréf Snorraverkefnis dags. 25. nóvember 2008. Erindinu hafnað.

### **III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.**

1. Aukaáðalfundur APS.

Aukaáðalfundur verður haldinn 19. desember n.k.

Samþykkt að Sveinn og Elín fari með atkvæði Mýrdalshrepps, Sif og Karl til vara.

2. Ályktanir SASS um umhverfismál.

Lagt fram til kynningar.

3. Ályktanir SASS um velferðarmál.

Lagt fram til kynningar.

4. Sandfok - bréf Landgræðslunnar dags. 9. desember 2008.

Sveitarstjóra falið að ræða við Landgræðsluna um mögulegar úrbætur á sandvörnum við Vík í samræmi við efni bréfsins.

5. Tilnefning fulltrúa í vinnuhóp á vegum félagsmálanefndar.

Sveitarstjóri skipaður fulltrúi Mýrdals-hrepps í vinnuhópnum.

6. Fjárhagsáætlun 2009, fyrri umræða.

Sveitarstjórn vinnur sameiginlega að fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 og liggur hún fyrir til fyrri umræðu. Gert er ráð fyrir að útsvarsheimildir verði fullnýttar í samræmi við frumvarp sem liggur fyrir Alþingi og að álagningarhlutfall fasteignaskatts verði óbreytt frá árinu 2008, þ.e. 0,56 í A-flokki, 1,32 í B-flokki og 1,49 í C-flokki. Gert er ráð fyrir að allar gjaldskrár hækki sem nemur hækkun vísitölu nema gjaldskrá Tónskála sem hækkar um 25%. Gert er ráð fyrir umtalsverðri tekjulækkun og dregið verður úr kostnaði eins og kostur er. Hætt verður að taka við fullorðnum nemendum í Tónskála og yfirvinna takmörkuð við að nemendum á strengjahljóðfæri sé boðið upp á ½ nám. Kennslustundakvóti grunnskóla verður lækkaður um 15 stundir og dregið úr yfirvinnu og forfallakennslu. Dægradvöl verður gjaldskyld fyrir aðra en akstursnemendur. Vistunartími á leikskóla verður takmarkaður við kl. 8-16 og yfirvinna takmörkuð. Skoðað verður hvort hækka þurfi inntökualdur á leikskóla en hann miðast nú við 9 mánuði. Dregið verður úr opnunartíma íþróttamannvirkja og kostnaður við yfirstjórn (sveitarstjórn) lækkar sem nemur áformaðri lækkun þingfararkaups. Gert er ráð fyrir að hætta í verkefninu GreenGlobe. Starfsmannahald í þjónustustöð verði endurskoðað. Gert er ráð fyrir lánstöðu allt að 20 m.kr. vegna framkvæmda árána 2008 og 2009. Útlit er fyrir töluverðan hallarekstur þrátt fyrir ofangreindar aðgerðir. Sveitarstjórn samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði eins og að ofan greinir og fellir þar með úr gildi ákvörðun frá fyrra fundi. Sveitarstjóra falið að óska heimildar ráðuneytis til að ljúka afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir lok janúarmánaðar 2009. Samþykkt að fjárheimildir janúarmánaðar 2009 verði í samræmi við 1/12

fjárheimilda ársins 2008 þar til ný áætlun hefur verið samþykkt. Fjárhagsáætlun 2009 vísað til seinni umræðu.

#### IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 39. aðalfundar SASS frá 20. og 21. nóvember 2008.

2. Fundargerð 28. aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 20. nóvember 2008.

3. Fundargerð 280. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 22. október 2008.

4. Fundargerð 74. fundar héraðsnefndar frá 16. desember 2008.

#### V. Annað kynningarefni

1. Bréf íþrótt- og olympíusambands Íslands dags. 1. desember 2008.

2. Bréf íþrótt- og olympíusambands Íslands dags. 5. desember 2008.

3. Bréf Yrkjusjóðs.

4. Bréf samráðshóps íbúa/hagsmunaaðila í Mýrdal dags. 4. desember 2008.

5. Tilmæli íbúa við Austurveg í Vík.

6. Bréf Betri byggðar dags. 12. desember 2008.

7. Bréf EBÍ dags. 12. desember 2008.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:45

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarsdóttir Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason

**Fyrsta útkoma Vitans á nýju ári verður miðvikudaginn 7. janúar 2009 unnin á þriðjudeginum samkv. venju**

*Vitinn óskar lesendum og auglýsendum sínum gleðulegs árs með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða*

#### Áramót

( Rómverjar létu árið byrja í marsmánuði. Þess vegna draga síðustu 4 mánuðir ársins heiti sitt af rómversku tölunum 7-10. Septem = 7, okto = 8, novem = 9, decem = 10). Þeir færðu áramót yfir á 1. janúar á annari öld fyrir Krist.

Mjög mismunandi er hvenær menn töldu árið byrja. Til forna virðist almennt hafa verið gengið út frá sumardegnum fyrsta. Seinna runnu áramótin saman við jólin og hélst sá siður allt fram í síðaskiptin, en þá voru þau flutt um eina viku.

Á Íslandi eru til feyknið öll af þjóðtrú sem tengjast þessum árstíma og er kannski ekki að undra þar sem þetta er myrkasti tími árs. Kýr tala, selir fara úr hömum, kirkjugarðar rísa og álfar flytjast búferlum.

Það að álfar skuli vera á kreiki var ástæða þess að talið var nauðsynlegt að þrifa vel öll húsakynni. Álfar eru þekktir fyrir hreinlæti og snyrtimennsku og gat fólk ekki átt á hættu að fá þá í heimsókn á nýársnótt í skít og sóðaskap. Því var kveikt á kertum í öllum hornum baðstofunnar svo áfarnir gætu séð þrifnaðinn.

Þegar búið var að þrifa gekk húsfreyja um gólf og tautaði eftirfarandi vísu.

Komi þeir sem koma vilja  
Veri þeir sem vera vilja  
Fari þeir sem fara vilja og  
mér og mínum að meinalausu.

Þetta var sagt til að tryggja að álfarnir myndu að þeir voru velkomnir og gátu bæði farið og verið. Það er öruggara að hafa álfana með sér en á móti.

**telja – tel – taldi – talið:** Þessi sögn hefur margar mismunandi merkingar. Í þessi samhengi hér þýðir hún að halda, trúna finnst. Þeir héldu að ... Þeim finnst að ...

Sögnin að telja hefur í nútímamáli tvær merkingar sem þó koma frá sama stofni.

Maður telur: Einn, tveir, þrír, fjórir

Ég tel að eitthvað sé svona eða hinseginn. Manni finnst eða maður heldur eitthvað.

**renna – renn - rann – runnið:** Vatnið rennur. Það er líka hægt að renna sér á skíðum og skautum. Bíllinn getur líka runnið niður

brekku. Árstíðir og fleira getur líka runnið saman. Þá er merkingin kannski meira í átt við að blandast saman.

**siðaskipti: Siður – að skipta.** Orðið er notað yfir þann tíma þegar fólk tók lústerstrú en hafði áður verið kaþólskt. Menn skiptu um siði.

**þjóðtrú: Þjóð – trú** Það sem þjóðin trúir á. Það getur verið margt sem fólk trúir, sumir trú á álfar, aðrir á drauga og tröll. Sumir trú á föstudagurinn 13 sé óhappdagur. Allt þetta er kallað þjóðtrú.

**álfur:** Huldumaður. Í íslenski þjóðtrú eru álfar nokkuð líkir fólki en yfirleitt fallettri, í norski þjóðtrú eru þeir miklu minni en venjulegt fólk. Álfar búa í klettum og hólum, og er talið varasamt að trufla þá mikið. Álfar eru yfirleitt fríðsámir ef þeir fá að vera í friði.

**búferli:** Bústaður, þar sem maður á heima. Að flytjast búferlum er að flytja, taka sig upp og fara til þess að eiga heima annar staðar.

**húsakynni:** Húsnæði, húsakostur – þar sem maður býr.

**hreinlæti:** Hreinn + -læti er oft notað í síðari lið samsetninga, t.d. fálæti, meðlæti, lífillæti, yfirlæti. Þetta hefur ekkert með læti eða hávaða að gera.

**snyrtimennska:** Að snyrta, að gera eitthvað fínt eða fallett. Maður snyrtir fisk þ.e. tekur burt allt sem ekki á að vera svo sem roð og hringorma.

-að vera snyrtilegur, hreinn og fínn.

-snyrtipinni: að vera fínn með sig.

**mennska:** Kemur af maður, þannig að það er kannski ekki alveg rétt að tala um að álfar séu snyrtimenni, maður ætti kannski frekar að tala um að álfar séu snyrtiálfar?

**sóðaskapur:** Sóði er sá sem er ekki snyrtilegur, honum er sama þó hann sé óhreinn.

**-skapur síðari liður:** drengskapur, skáldskapur

**baðstofa.** Baðstofan var aðal samverustaðurinn í húsum í gamla daga svona eins og stofan er núna. Oftast var bæði unnið og sofði í baðstofum.

**Þrifnaður:** Það að vera þrifinn. Húsið var vel þrifið. Það var búið að gera húsið hreint.

*Tekið af jólavef Júlía*